

Nd.

334. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. október 1891.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar.

(Sigurður Sigurðsson, Stefán Stefánsson, Eyf., Bjarni Jónsson, Björn Hallsson, Hjörtur Snorrason og Jóhann Eyjólfsson).

1. gr.

Dýralæknar skulu vera þrír, einn í Sunnlendinga og Vestfirðingafjórðungum, einn í Norðlendinga og hinn þriðji í Austfirðinga fjórðungi.

2. gr.

Dýralæknar skulu fá laun úr landssjóði, 1500 kr. hver á ári.

3. gr.

Með þessum lögum eru ónýtt þau ákvæði fyrstu og annarar greinar í lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891, sem koma í bága við þau.

Ástæður.

Hannes Jónsson hefir undanfarin ár notið styrks þess, sem veittur er dýralæknaefnum til náms. Hann hefir nú útskrifast með besta vitnisburði. Kom hann að máli við landbúnaðarnefndina og kvaðst nú búinn að ganga í þjónustu landsins, ef það þyrfti sín. Ráðherra taldi og hið sama fyrir nefndinni. Meiri hluti hennar taldi nauðsynlegt að fjölga dýralæknum fyrir margra hluta sakir, og hugði námsstyrkinn veittan í því skyni, en eigi til þess, að ala upp dýralækna handa öðrum þjóðum. Taldi hann og brýnasta þörfina í Austfirðinga fjórðungi. Þessvegna flytur meiri hlutinn þetta frumvarp.

Síðan 1891 hafa peningar fallið mjög í verði og þótti nefndinni því full ástæða til að færa launin lítið eitt upp, enda vafasamt að nú fáist nokkur maður í tólf hundruð króna stöðu. En sjálfsagt er að persónulegar launaviðbætur lækki að sama skapi sem launin hækka.